



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 12. mars 2026

MSS26020044

MINNISBLAÐ

Varðandi tillögu ungmennaráðs Kjalarness um sjálfsvarnarkennslu í grunnskólum fyrir nemendur á unglingastigi

Á fundi borgarstjórnar þann 10. febrúar 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga Dagbjartar Freyju Gígja, fulltrúa ungmennaráðs Kjalarness, sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að innleiða kennslu í grunnþáttum sjálfsvarnar fyrir nemendur í unglingadeild í öllum grunnskólum Reykjavíkur eigi síðar en á haustönn 2027.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn skóla- og frístundasviðs

Í almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkurborgar 2025-2027 er lögð rík áhersla á þætti sem styðja við markmið sjálfsvarnar í víðum skilningi. Þar er kveðið á um innleiðingu á námsáætlun í kyn- og kynjafræðslu frá leikskóla til 10. bekkjar. Jafnréttisskólinn þróar námsefni sem leggur áherslu á aldursviðeigandi fræðslu sem meðal annars miðar að því að efla félags- og tilfinningafærni og samskipti.

Í tillögum stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna er aðgerð sem lagði sérstaklega áherslu á að efla félags- og tilfinningafærni í öllu starfi með börnum og ungmennum, og hefur þeim verið vísað til skóla- og frístundaráðs.

Núverandi aðgerðir borgarinnar í verkefninu Betri borg fyrir börn, almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkurborgar og aðgerðum úr tillögum stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna ríma vel við niðurstöður rannsóknar Little o.fl. (2025). Rannsóknin er kerfisbundin samantekt sem var gerð til að uppfæra INSPIRE-ramma Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um aðgerðir gegn ofbeldi á börnum. Samkvæmt þeirri rannsókn eru eftirfarandi þættir líklegastir til að draga úr ofbeldi:

- Öruggt og styðjandi skólaumhverfi (e. whole-school approaches)
- Þjálfun í lífs- og félagsfærni (e. life and social skills training)
- Fræðsla um heilbrigð sambönd og valdefling ungmenna



Reykjavík



Börn og ungmenni í Reykjavík (6–18 ára) geta nýtt frístundakortið, sem er 75.000 króna árlegur styrkur, til að stunda sjálfsvarnarnámskeið eða bardagaíþróttir hjá viðurkenndum félögum.

Aðgerðir Reykjavíkurborgar byggja á þeirri sýn að ofbeldisvarnir séu samþættar daglegu starfi í skólum og frístundum. Með því að efla félags- og tilfinningafærni, tryggja markvissa kyn- og kynjafræðslu og hvetja til þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi í gegnum frístundakortið eru stigin mikilvæg skref í átt að því að mæta óskum ungmenna um aukið öryggi og sjálfsvörn.

Heimild:

Little, M. T. o.fl. (2025). Interventions to prevent, reduce, and respond to violence against children and adolescents: a systematic review of systematic reviews to update the INSPIRE Framework. *The Lancet Child & Adolescent Health*.



Reykjavík